



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

47. tölublað 5. árgangur september 2016 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing



Blágresi

Aukaföt

Allir að muna að fylla á aukaföt (bæði inni og úti) fyrir haustið, við verðum mikið úti!



Ávextir og mjólk

Nú liggja skráningar í mjólk og ávexti fyrir og fljótlega mun koma rukkun í netbanka.



Matseðill

Á heimasíðu skólans [hér](#) er að finna matseðil næstu 6 vikna.



Kæra skólasamfélag!

Góðan dag gott fólk!

Nú er hafið 5. starfsár skólans og nemendur virðast flestir koma vel undan sumri og tilbúnir í skólann. Við ætlum að halda áfram með fjölbreytt, skapandi og uppbyggjandi skólastarf. Við væntum þess að þið kærar foreldrar verðið virkir þátttakendur í námi barnanna og að við vinnum saman sem ein heild með hagsmuni barnsins í öndvegi, enda snýst skólinn um menntun og hagsmuni barnsins fyrst og fremst.

Sjáumst í skólanum, alltaf velkomin til okkar!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Eineltisteymi-aðgerðaráætlun

Nemendaverndarráð gegnir hlutverki eineltisteymis skólans og í því sitja skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúar frá fræðslu- og félagsmálasviði Dalvíkurbyggðar auk viðkomandi umsjónarkennara/hópstjóra þegar fundað er um eineltismál.

Hlutverk teymisins er að sjá til þess í samvinnu við kennara að í skólanum sé virk fræðsla og forvarnir gegn einelti. Að unnin sé aðgerðaráætlun eineltisteymis fyrir hvern vetur þar sem kemur fram hvernig staðið er að fræðslu og nemendum gert ljóst hvaða leiðir eru færar til að vinna gegn einelti og hvernig má láta vita ef grunur er um einelti.

Fái eineltisteymi beiðni um aðstoð vegna eineltismála skal teymið vinna samkvæmt eineltisáætlun skólans.

Veturinn 2016-2017 fundar teymið alls sex sinnum á miðvikudögum kl. 12:30:

-21. september, 26. október, 23. nóvember, 18. janúar, 8. mars, 10. maí-
teymið fundar oftast ef þörf krefur.

Á heimasíðu skólans er að finna [aðgerðaráætlun eineltisteymis](#) sem foreldrar eru hvattir til að kynna sér.

Einnig er þar [eineltisáætlun skólans](#).

Umfram allt, látið vita ef grunur vaknar um einelti!

Ábyrgð og skyldur á grunnskólastigi

Við upphaf nýs skólaárs er hollt fyrir alla og nauðsynlegt að kynna sér ábyrgð og skyldur. [Hér má lesa reglugerð](#) sem fjallar um hlutverk nemenda, foreldra og starfsfólks á grunnskólastigi. Þar segir m.a.

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. **Starfsfólk** skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar.




Skólaganga barns er samvinnuverkefni heimilis og skóla

Á árum áður var talið að **læsisnám barna** byrjaði ekki fyrr en eiginlegt lestrarnám hæfist í grunnskóla. Viðhorfið hefur breyst mikið á undanförunum árum og er læsi barna nú talið þróast samhliða málþroska þeirra og að um órjúfanlega heild talmáls, ritunar og lesturs sé að ræða.

Málþroski barna hefur mikil áhrif á læsisnám þeirra og börn með seinan málþroska eða málhömlun í leikskóla eru í áhættuhópi þegar kemur að eiginlegu lestrarnámi. **Málörvun** þessara barna skiptir miklu máli og dregur úr þeim áhrifum sem slakur málþroski getur haft á lestrarnám þeirra í grunnskóla. Einnig gagnast málörvun þeim börnum sem búa yfir góðum málþroska þar sem geta þeirra eykst við örvun máls.

Á **Kötlukoti** í vetur verður mikil áhersla á fjölbreytta málörvun. Aukin áhersla verður lögð á að hvetja börnin til að tjá sig, setja orð á allar athafnir, bókalestur og söng. Á sama tíma hvetjum við **alla foreldra** til að gera slíkt hið sama heima.



Opnunartími, símanúmer, heimasíða, skóladagatal

Árskólagarskóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Síminn er 460-4970, Kötlukot 460-4973, skólastjóri 460-4971

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2016-2017](#) svo allt sé á hreinu!

Munið eftir [myndasafninu](#) á [heimasíðunni hér](#).

Við erum á Facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>



náms **Á**hugi-þ **R**autseigja-**S**amvinna-lei **K**ur-útisk **Ó**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi **R**öðing

Viðburðadagatal september 2016

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

		31. ágúst Kynningarfundur fyrir foreldra í skólanum kl. 17⁰⁰	I Rýmingaræfing með slökkviliði	2	3	4
5	6	7 Árskógar skóli 4 ára Linus 5 ára 	8 Dagur læsis 	9	10	11
12	13	14 Göngudagur 	15	16 Skipulagsdagur LOKAÐ	17	18
19	20	21	22	23 Slæmur hárdagur 	24	25
26	27	28	29 Samræmd próf 4. bekkur íslenska	30 Samræmd próf 4. bekkur stærðfræði		